



Spáum óbreyttum stýrivöxtum

Við spáum því að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands haldi meginvöxtum bankans óbreyttum í 1% við næstu vaxtaákvörðun þann 7. október.

Peningastefnunefnd Seðlabankans hefur fjórum sinnum á þessu ári lækkað vexti, alls um tvö prósentustig. Í febrúar ákvað nefndin að lækka vexti um 0,25 prósentustig. Þegar efnahagsleg áhrif Covid-faraldursins fóru að koma betur í ljós voru vextir lækkaðir tvívegis með einnar viku millibili um miðjan marsmánuð, um 0,5 prósentustig í hvort skiptið. Síðasta vaxtalækkun nefndarinnar var 20. maí. Ákvörðunin þá var að lækka vexti um 0,75 prósentustig og eru meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánnum, nú 1%. Þeir hafa ekki áður verið lægri.

Helsta þróun frá síðasta fundi

Þrátt fyrir að stutt sé frá síðasta fundi nefndarinnar hefur ýmislegt gerst í millitíðinni.


Í kjölfar tiltölulega hóflegar seinni bylgju Covid-faraldursins í ágúst skall á þriðja bylgja faraldursins í september sem útlit er fyrir að sé mun alvarlegri en bylgja tvö. Þrátt fyrir að ekki hafi enn verið gripið til eins víðtækra sóttvarnarráðstafanna og í fyrstu bylgjunni er útlit fyrir að efnahagsleg áhrif þriðju bylgjunnar geti orðið töluverð. Að öðru óbreyttu hefði þessi þróun e.t.v. kallað á frekari lækkun stýrivaxta.

Nú er orðið ljóst að lífsskjaramningarnir á vinnumarkaði halda þrátt fyrir að Samtök atvinnulífsins telji að forsendur samningsins séu brostnar. Kjarasamningsbundnar kauphækkunar koma því til framkvæmda um áramótin. Með það að markmiði að tryggja frið á vinnumarkaði tilkynnti ríkisstjórnin um efnahagsaðgerðir sem m.a. er ætlað að koma til móts við atvinnurekendur sem verða fyrir töluverðum kostnaðarhækkunum vegna aukins launakostnaðar. Ríkisstjórnin metur að heildarútgjöld vegna aðgerðanna geti numið allt að 25 milljörðum króna.

Gengi krónunnar gagnvart evru var 163 krónur þann 26. ágúst. Krónan veiktist jafnt og þétt fram til 9.

dags.	Lagt til	Með	Móti	Niðurst.	Meginv.
6. feb.'19	óbr.	5		óbr.	4,50
20. mar.'19	óbr.	5		óbr.	4,50
22. maí.'19	-0,50	5		-0,50	4,00
26. jún.'19	-0,25	4	ÞGP (óbr.)	-0,25	3,75
28. ágú.'19	-0,25	5		-0,25	3,50
2. okt.'19	-0,25	5		-0,25	3,25
6. nóv.'19	-0,25	5		-0,25	3,00
11. des.'19	óbr.	5		óbr.	3,00
5. feb.'20	-0,25	4	GZ (óbr.)	-0,25	2,75
11. mar.'20	-0,50	5		-0,50	2,25
18. mar.'20	-0,50	5		-0,50	1,75
20. maí.'20	-0,75	5		-0,75	1,00
26. ágú.'20	óbr.	5		óbr.	1,00
7. okt.'20					
18. nóv.'20					

Heimild: Seðlabanki Íslands





september þegar gengið fór í 166 gagnvart evrunni. Seðlabankinn tilkynnti þá í lok dags að hann hefði ákveðið að hefja reglulega sölu gjaldeyris á innlendum gjaldeyrismarkaði frá og með mánudeginum 14. september. Bankinn væri reiðubúinn að selja allt að 240 milljónum evra (40 ma.kr.) í reglulegum viðskiptum við viðskiptavaka á gjaldeyrismarkaði til ársloka 2020. Seðlabankinn hefur verið mjög virkur á gjaldeyrismarkaðnum síðan og hefur krónan aðeins braggast. Gengi krónu gagnvart evru er nú á svipuðum slóðum og við síðustu vaxtaákvörðun.

Verðbólga gæti hjaðnað hratt á næsta ári

Verðbólga hefur aukist á þessu ári samfara veikingu krónunnar. Verðbólga mældist 2,2% í apríl en var komin upp í 3,5% nú í september. Verðbólga hefur vaxið umfram spár Seðlabankans. Verðbólga á þriðja fjórðungi var 3,2% en Seðlabankinn hafði í ágúst spáð því að hún yrði 3%.

Ef verðbólga væri nálægt markmiði mætti færa góð rök fyrir frekari vaxtalækkun. Það að lækka vextina nú með verðbólgu í 3,5% verður hins vegar að teljast ólíklegt skref hjá nefndinni. Hækkun vaxta er einnig veruleg ólíkleg, enda gríðarlegur framleiðsluslaki í hagkerfinu um þessar mundir sem endurspeglast m.a. í háu atvinnuleysi.

Innfluttar vörur eru mjög stór hluti verðbólgunnar nú. Framlag innfluttra vara án bensíns til verðbólgunnar var 1,9% í september. Framlag annarra liða var því 1,6%. Takist að koma stöðuleika á gengi krónunnar eru líkur á því að verðbólgan hjaðni fljótt á næsta ári í átt að markmiði og því líklegt að Seðlabankinn muni beina kröftum sínum í átt að gjaldeyrismarkaðnum fremur en að hreyfa við vaxtastiginu.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.